



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

HAGF2RH05

Kennari	Ingimundur Guðjónsson (ingimundur.gudjonsson@fss.is)	
Viðtalstími	Mánudagar 9:20 – 10:00	
Námsefni	Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla eftir Helga Gunnarsson, skiptibóka mörkuðum, t.d Pennanum í Krossmóa. Verkefnahefti í rekstrarhagfræði, sem er á Innu.	
Áfangalýsing	Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja, umhverfi þeirra og þann samtakamátt sem liggur að baki rekstri fyrirtækis og árangri þess í samfélaginu. Fjallað er um grunnatriði hagfræðinnar sem varða nýtingu framleiðsluþáttanna og skilgreiningar mismunandi efnahagsheilda. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki í samfélagsheildinni. Til þess að nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja er farið yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Þannig læra nemendur að flokka atvinnugreinar, kynnast umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og grunnþáttum markaðsfræði og bókhalds.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Ekkert lokapróf verður í áfanganum en stuðst verður við símat og verkefnabók. Þrjú kaflapróf verða á önninni og er lágmarkseinkunnin 4,5 úr hverju prófi fyrir sig. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í stoðtímum. Verkefnabókin er einstaklingsverkefni og verður henni skilað í gegnum turnitin, þannig ef nemendur skila sömu verkefnabók, þá er litið á það sem svindl og 0 gefið fyrir verkefnabókina, því er mikilvægt að vinna í verkefnabókinni jafnt og þétt yfir önnina.		
	Símatásafangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Vinnubók		40%
	Kaflapróf		30%
	Hópaverkefni		15%
	Einstaklingsverkefni		15%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í áfanganum. Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftast en 12 sinnum er sjálfkrafa vikið úr áfanganum. Lestu námsbókina og spurðu kennarann ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra. Nýttu þér upprifjunartímana vel og þá aðstoð sem þar er boðið upp á
--	--

Þekking	Leikni	
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Grundvallarhugtökum hagfræðinnar; skorti, vali og fórnarkostnaði • Framboð, eftirspurn og jafnvægi á markaði • Helstu framleiðsluþáttum • Helstu kostnaðarhugtökum, tekjum og afkomu fyrirtækja • Muninum á helstu kostnaðarhugtökum eins og breytilegum og föstum kostnaði, og beinum og óbeinum kostnaði.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Reikna hráefniskostnað, hráefna- og afurðabirgðir, framleiðslukostnað, kostnaðarverð seldra vara, rekstrarjafnvægi, afkomu og eigið verð afurða • Gera einfalda greiðslu- og rekstraráætlun ásamt efnahagsreikningi • Gera framlegðarútreikninga og finna rekstrarjafnvægi • Gera fjárhagslínurit • Reikna hagkvæmasta framleiðslumagn við fullkomna samkeppni	
Hæfni		
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Setja upp einfalda fjárhagsáætlun • Skilja hvernig verðmæti myndast innan fyrirtækja og hvernig þeim er ráðstafað • Túlka og meta ársreikninga fyrirtækja með kennitölum • Lesa og túlka línurit og geta unnið gögn úr þeim		
Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 15. janúar	Kynning á áfanganum. Vinnubók: 1.1, 1.2, 1.3, 1.4, 1.5, 1.6, 1.7, 1.8	
2. vika 16. - 22. janúar	Kaflar 1-2. Inngangur að hagfræði - Fyrirtæki og stofnanir. Vinnubók: 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5, 2.6	Einstaklingsverkefni I
3. vika 23. - 29. janúar	Kaflí 3. Hagsmunaaðilar og markmið. Vinnubók: 3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.5, 3.6	Hópverkefni I
4. vika 30. janúar - 5. febrúar	Kaflí 4. Innra skipulag fyrirtækja. Vinnubók: 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 4.5, 4.6, 4.7, 4.8, 4.9, 4.10, 4.11	
5. vika 6. - 12. febrúar	Kaflí 5. Framleiðsla. Vinnubók: 5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5, 5.6, 5.7, 5.8, 5.9, 5.10, 5.11, 5.12, 5.13, 5.14, 5.15, 5.16	Klára vinnubók 1 úr köflum (1-2-3-4-5)
6. vika 13. - 19. febrúar	Kaflí 6. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja. Vinnubók: 6.1, 6.2, 6.3, 6.4, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8, 6.9, 6.12	Tímapróf 1 (1-2-3-4-5. kaflí)
7. vika 20. - 26. febrúar	Kaflí 6 frh. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja. Vinnubók: 6.13, 6. 14, 6.15, 6.16, 6.17, 6.18, 6.19, 6.20, 6.21 (Reiknað sem dæmi 6.20).	Einstaklingsverkefni II
8. vika 27. febrúar - 5. mars	Kaflí 7. Rekstraráætlanir. Vinnubók: 7.1, 7.2, 7.3, 7.4, 7.5, 7.6, 7.7	Hópverkefni II
9. vika 6. - 12. mars <i>Miðannarmat</i>	Kaflí 8. Fjármögnun fyrirtækja. Vinnubók: 8.1, 8.2, 8.3, 8.4, 8.5, 8.6	Klára vinnubók 2 úr köflum (6-7-8-9) fyrir 19. mars.
10. vika 13. - 19. mars	Kaflí 9. Innra bókhald. Vinnubók: 9.1, 9.2, 9.4	Tímapróf 2 (6-7-8-9 kaflí).
11. vika 20. - 26. mars	Kaflí 12. Framlegðarútreikningar. Vinnubók: 12.1, 12.2, 12.3, 12.4	Einstaklingsverkefni III
12. vika 27.mars - 2. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Kaflí 13. Fjárfestingarútreikningar. Vinnubók: 13.1, 13.2, 13.3, 13.4, 13.5	Hópverkefni III
13. vika 11. - 16. apríl	Kaflí 14. Markaðssetning. Vinnubók: 14.1, 14.2, 14.3, 14.4, 14.5, 14.6, 14.7	
14. vika 17. - 23. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Kaflí 15. Stefnumótun. Vinnubók: 15.1, 15.2, 15.3, 15.4, 15.5, 15.6	Klára vinnubók 3 úr (köflum 12-13-14-15)
15. vika 24. - 30. apríl	Upprifjun fyrir próf	Tímapróf 3 (12-13-14-15 kaflí)
16. vika 1. - 10. maí	Stoðtímar fyrir tímapróf og fyrir vinnubók	Skila vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,

Ingimundur Guðjónsson